



Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarþjónusta á fyrstu sex mánuðum áranna

2023 - 2025

Efnisyfirlit

Tilkynningar til barnaverndarþjónusta.....	4
Fjöldi tilkynninga eftir kynjum	4
Fjöldi tilkynninga eftir landsvæðum	4
Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði	5
Fjöldi barna skipt eftir kynjum	5
Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun ...	6
Ástæður tilkynninga	6
Ástæður tilkynninga, undirflokkar	7
Hversu oft var barn metið í yfirvofandi hættu	10
Tilkynnendur	11

Barnaverndarþjónustur landsins eru 23 talsins og skila þær mánaðarlega tölulegum upplýsingum, svokallaðri *sískráningu* til Barna- og fjölskyldustofu varðandi fjölda tilkynninga sem berast til barnaverndar.

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarþjónusta skv. sískráningu þjónustanna á fyrstu sex mánuðum áranna 2023, 2024 og 2025. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarþjónustanna sem birtast árlega á vefsíðu Barna- og fjölskyldustofu.

Tilkynningar til barnaverndarþjónusta voru 12,9% fleiri á fyrstu sex mánuðum ársins 2025 miðað við sama tímabil ársins á undan. Fjölgun tilkynninga á milli ára átti sér helst á landsbyggð (17,8%) og í nágrenni Reykjavíkur (19,4%), ólíkt því sem sjá mátti fyrir ári síðan þegar fjölgun tilkynninga milli 2023 og 2024 átti sér helst stað í Reykjavík.

Líkt og fyrri ár voru flestar tilkynningar á fyrstu sex mánuðum ársins 2025 vegna vanrækslu, eða 37,7% allra tilkynninga. Tilkynningar vegna vanrækslu voru þó hlutfallslega færri en árin tvö á undan þegar þær voru 41,1% og 41,2% tilkynninga. Næst flestar tilkynningar voru vegna áhættu hegðunar barns, eða 35,2% og hefur það hlutfall hækkað úr 34% árið 2024 og 32% árið 2023. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis voru 26,4% og vegna ófæddis barns 0,7%.

Tilkynningum um vanrækslu fjölgaði um 3,5% á fyrsta hálfu ári 2025 miðað við sama tímabil árið 2024. Tilkynningum vegna líkamlegrar vanrækslu fjölgaði um 18,9% eftir 20,6% fækkun milli 2023 og 2024. Fjöldi tilkynninga vegna umsjónar og eftirlits breyttist lítið milli ára (fækkaði um 0,7%). Með slíkum tilkynningum er skráð hvort tilkynning berist vegna þess að foreldri er í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu og reyndist þeim hafa fjölgaði um 12,2% á fyrstu sex mánuðum ársins 2025 miðað við sama tímabil árið 2024. Tilkynningum vegna vanrækslu varðandi nám fækkaði um 9,7%, eftir fjölgun árið á undan. Tilkynningum vegna tilfinningalegrar vanrækslu fjölgaði um 65,5% þegar bornir eru saman fyrstu sex mánuðir ársins 2024 og 2025 og hefur þeim fjölgað um ríflega 81% ef 2025 er borið saman við árið 2023.

Tilkynningar á fyrsta hálfu árinu 2025 vegna ofbeldis voru 22,6% fleiri en á sama tímabili árið 2024. Mest var aukningin í tilkynningum vegna tilfinningalegs ofbeldis þar sem fjölgunin nam 27,7% á milli ára. Tilkynningum um líkamlegt ofbeldi fjölgaði um 10,2% og tilkynningum um kynferðisofbeldi um 9,9%. Tilkynningum um kynferðisofbeldi af hendi náins aðila fækkað um 3,3% og vegna stafræns kynferðisofbeldis um 25,0%.

Tilkynningum vegna áhættu hegðunar hefur fjölgað um tæp 38% ef miðað við fyrstu sex mánuði ársins 2023-2025 og um 17,2% á milli áranna 2024 og 2025. Fjölgunina er helst að sjá í undirflokkunum fyrir *afbrot barns* (fjölgun um 32,4%), *barn kemur sér undan forsjá* (fjölgun um 26,3%) og *barn beitir ofbeldi* (fjölgun um 23,9%). Í heildina fækkaði tilkynningum um *neyslu barna á vímuefnum* eða *öðrum skaðlegum efnum* um 4,1% en þegar drengir og stúlkur eru borin saman má sjá að tilkynningum vegna drengja fjölgaði um 26,4% á meðan þeim fækkaði á meðal stúlkna um 29,3%.

Líkt og áður bárust flestar tilkynningar frá lögreglu, eða 40,1% allra tilkynninga fyrsta hálfu árið 2025. Næst flestar tilkynningar bárust frá skólum og þar á eftir frá heilbrigðisþjónustu, í takt við sama tímabil fyrri ára. Þá má sjá að stór hluti tilkynninga barst úr nánasta umhverfi barns en samanlagður fjöldi tilkynninga frá barninu sjálfu, ættingjum barns, nágrönnum og öðru nærumhverfi voru 1.347, eða 14,0% allra tilkynninga.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu sex mánuðum ársins 2025 var 7.214 börn en 6.481 börn árið á undan og 5.946 börn árið 2023. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Tilkynningar til barnaverndarþjónusta

Fjöldi tilkynninga eftir kynjum

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2023		Fyrstu sex mánuðir 2024		Fyrstu sex mánuðir 2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	4.092	53,3	4.694	55,1	5.301	55,2
Stúlkur	3.536	46,0	3.762	44,2	4.239	44,1
Stálp ¹	6	0,1	6	0,1	6	0,1
Ekki vitað ²	46	0,6	53	0,6	64	0,7
Samtals	7.680	100	8.515	100	9.610	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv. lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019


²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæðum

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2023		Fyrstu sex mánuðir 2024		Fyrstu sex mánuðir 2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	2.742	35,7	3.246	38,1	3.355	34,9
Nágrenni Reykjavíkur ¹	2.154	28,0	2.350	27,6	2.769	28,8
Landsbyggð	2.784	36,3	2.919	34,3	3.486	36,3
Samtals	7.680	100	8.515	100	9.610	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík:

Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.



Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2023		Fyrstu sex mánuðir 2024		Fyrstu sex mánuðir 2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.039	34,3	2.353	36,3	2.429	33,7
Nágrenni Reykjavíkur ¹	1.743	29,3	1.791	27,6	2.023	28,0
Landsbyggð	2.164	36,4	2.337	36,1	2.762	38,3
Samtals	5.946	100	6.481	100	7.214	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2023		Fyrstu sex mánuðir 2024		Fyrstu sex mánuðir 2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	3.185	53,6	3.556	54,9	3.969	55,0
Stúlkur	2.717	45,7	2.870	44,3	3.186	44,2
Stálp ¹	4	<0,1	6	0,1	5	0,1
Ekki vitað ²	40	0,7	49	0,7	54	0,7
Samtals	5.946	100	6.481	100	7.214	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjafvíggygju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu sex mánuðir 2023		Fyrstu sex mánuðir 2024		Fyrstu sex mánuðir 2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Ákveðið var að hefja könnun²	3.734	62,8¹	3.760	58,0¹	4.259	59,0¹
<i>Drengir</i>	<i>1.907</i>	<i>51,1</i>	<i>1.927</i>	<i>51,2</i>	<i>2.213</i>	<i>52,0</i>
<i>Stúlkur</i>	<i>1.795</i>	<i>48,1</i>	<i>1.797</i>	<i>47,8</i>	<i>2.010</i>	<i>47,2</i>
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	<i>32</i>	<i>0,8</i>	<i>36</i>	<i>1,0</i>	<i>36</i>	<i>0,8</i>
Þar af nýjar kannanir	1.978	33,3	1.883	29,1	1.787	24,8
<i>Drengir</i>	<i>1.025</i>	<i>51,8</i>	<i>963</i>	<i>51,2</i>	<i>929</i>	<i>52,0</i>
<i>Stúlkur</i>	<i>934</i>	<i>47,2</i>	<i>895</i>	<i>47,5</i>	<i>842</i>	<i>47,1</i>
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	<i>19</i>	<i>1,0</i>	<i>25</i>	<i>1,3</i>	<i>16</i>	<i>0,9</i>

¹ Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.
² Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)
³ Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Ástæður tilkynninga¹

Barnaverndarþjónustur flokka hverja tilkynningu eftir eðli eða meginástæðu tilkynningar, vanrækslu á börnum, ofbeldi gegn börnum, áhættuhegðunar barns eða þar sem tilkynnandi telur að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu. Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu.

	Fyrstu sex mánuðir 2023		Fyrstu sex mánuðir 2024		Fyrstu sex mánuðir 2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	3.163	41,2	3.499	41,1	3.620	37,7
Ofbeldi	2.007	26,2	2.067	24,3	2.534	26,4
Áhættuhegðun barna	2.458	32,0	2.890	34,0	3.386	35,2
Vegna ófædds barns	46	0,6	53	0,6	64	0,7
Alls	7.674¹	100	8.509¹	100	9.604¹	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bárust 6 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju árið 2023, 6 árið 2024 og 6 árið 2025.

Ástæður tilkynninga, undirflokkar

Líkt og áður segir má aðeins merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirflokkka t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Vanræksla, undirflokkar	Fyrstu sex mánuðir 2023		Fyrstu sex mánuðir 2024		Fyrstu sex mánuðir 2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	3.163		3.499		3.620	
<i>Drengir</i>	1703	53,8	1.879	53,7	1.872	51,7
<i>Stúlkur</i>	1460	46,2	1.620	46,3	1.748	48,3
Líkamleg vanræksla	160		127		151	
<i>Drengir</i>	89	55,6	69	54,3	71	47,0
<i>Stúlkur</i>	71	44,4	58	45,7	80	53,0
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	2.733		3.001		2.981	
<i>Drengir</i>	1486	54,4	1.592	53,0	1.545	51,8
<i>Stúlkur</i>	1247	45,6	1.409	47,0	1.436	48,2
Þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu	1.085		1.024		1.149	
<i>Drengir</i>	570	52,5	530	51,8	589	51,3
<i>Stúlkur</i>	515	47,5	494	48,2	560	48,7
Vanræksla varðandi nám	169		186		168	
<i>Drengir</i>	86	50,9	114	61,3	94	56,0
<i>Stúlkur</i>	83	49,1	72	38,7	74	44,0
Tilfinningaleg vanræksla	201		220		364	
<i>Drengir</i>	94	46,8	117	53,2	187	51,4
<i>Stúlkur</i>	107	53,2	103	46,8	177	48,6

Ofbeldi, undirflokkar	Fyrstu sex mánuðir 2023		Fyrstu sex mánuðir 2024		Fyrstu sex mánuðir 2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Ofbeldi	2.007		2.067		2.534	
<i>Drengir</i>	981	48,9	1.027	49,7	1.251	49,4
<i>Stúlkur</i>	1026	51,1	1.040	50,3	1.283	50,6
Tilfinningalegt ofbeldi	1.145		1.137		1.452	
<i>Drengir</i>	570	49,9	570	50,1	711	49,0
<i>Stúlkur</i>	572	50,1	567	49,9	741	51,0
þar af hálfu náins aðila ¹	456		369		436	
<i>Drengir</i>	223	48,9	199	53,9	184	42,2
<i>Stúlkur</i>	233	51,1	170	46,1	252	57,8
Líkamlegt ofbeldi	644		742		818	
<i>Drengir</i>	371	57,6	424	57,1	487	59,5
<i>Stúlkur</i>	273	42,4	318	42,9	331	40,5
þar af hendi náins aðila	202		192		209	
<i>Drengir</i>	119	58,9	95	49,5	121	57,9
<i>Stúlkur</i>	83	41,1	97	50,5	88	42,1
Kynferðisofbeldi	338		302		332	
<i>Drengir</i>	87	25,7	96	31,8	98	29,5
<i>Stúlkur</i>	251	74,3	206	68,2	234	70,5
þar af hendi náins aðila ²	43		61		59	
<i>Drengir</i>	9	20,9	14	23,0	11	18,6
<i>Stúlkur</i>	34	79,1	47	77,0	48	81,4
þar af stafrænt kynferðisofbeldi ²	12		32		24	
<i>Drengir</i>	4	33,3	11	34,4	9	37,5
<i>Stúlkur</i>	8	66,7	21	65,6	15	62,5


¹Hér hefur orðið breyting á orðnotkun. Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn urðu vitni af ofbeldi af hálfu náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðanotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila.

²Frá áramótum 2022 voru barnaverndarþjónustur beðnar um að skrá ef að tilkynning vegna líkamlegs eða kynferðislegs ofbeldis væru vegna gruns um ofbeldis af hálfu náins aðila. Hér eru ekki til samanburðarhæfar tölur frá fyrri árum.

³Frá áramótum 2022 voru barnaverndarþjónustur beðnar um að skrá ef að tilkynning vegna kynferðislegs ofbeldis væri vegna stafræns kynferðisofbeldis.

Áhættuhegðun barna, undirflokkar	Fyrstu sex mánuðir 2023		Fyrstu sex mánuðir 2024		Fyrstu sex mánuðir 2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Áhættuhegðun barna	2.458		2.890		3.386	
<i>Drengir</i>	1408	57,3	1.787	61,8	2.179	64,4
<i>Stúlkur</i>	1050	42,7	1.103	38,2	1.207	35,6
Neysla barns á vímuefnum/skaðlegum efnum	312		612		587	
<i>Drengir</i>	152	48,7	277	45,3	350	59,6
<i>Stúlkur</i>	160	51,3	335	54,7	237	40,4
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	806		744		860	
<i>Drengir</i>	346	42,9	374	50,3	446	51,9
<i>Stúlkur</i>	460	57,1	370	49,7	414	48,1
Barn kemur sér undan forsjá ¹	92		133		168	
<i>Drengir</i>	21	22,8	67	50,4	84	50,0
<i>Stúlkur</i>	71	77,2	66	49,6	84	50,0
Afbrot barns	500		513		679	
<i>Drengir</i>	368	73,6	398	77,6	523	77,0
<i>Stúlkur</i>	132	26,4	115	22,4	156	23,0
Barn beitir ofbeldi	524		652		808	
<i>Drengir</i>	419	80,0	542	83,1	636	78,7
<i>Stúlkur</i>	105	20,0	110	16,9	172	21,3
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	295		327		357	
<i>Drengir</i>	139	47,1	181	55,4	194	54,3
<i>Stúlkur</i>	156	52,9	146	44,6	163	45,7

¹Hér er um að ræða nýjan flokk en sambærilegar tilkynningar voru áður flokkaðar sem *barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu*.



Hversu oft var barn metið í yfirvofandi hættu

	Fyrstu sex mánuðir 2023		Fyrstu sex mánuðir 2024		Fyrstu sex mánuðir 2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	407		439		415	
<i>Drengir</i>	218	53,6	212	48,3	201	48,4
<i>Stúlkur</i>	186	45,7	220	50,1	201	48,4
<i>Stálp eða ekki vitað¹</i>	3	0,7	7	1,6	13	3,1

¹ Frá 1. janúar 2021 hefur þessi skráning verið byggð á mati barnaverndarstarfsmanns. Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Tilkynnendur

	Fyrstu sex mánuðir 2023		Fyrstu sex mánuðir 2024		Fyrstu sex mánuðir 2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnið sjálft	32	0,4	47	0,6	42	0,4
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	215	2,8	208	2,4	272	2,8
Nágrannar	265	3,5	374	4,4	487	5,1
Annað nærumhverfi barns	533	6,9	575	6,8	546	5,7
Önnur barnaverndarþjónusta	104	1,4	104	1,2	83	0,9
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	246	3,2	262	3,1	259	2,7
Lögregla	2.726	35,5	3.305	38,8	3.856	40,1
Skólaþjónusta	1.294	16,8	1.494	17,5	1.674	17,4
Leikskóli/gæsluforeldri	174	2,3	145	1,7	164	1,7
Íþrótt- eða tómstundastarf	23	0,3	30	0,4	39	0,4
Heilbrigðisþjónusta	989	12,9	927	10,9	1.009	10,5
Foreldrar barns	551	7,2	606	7,1	520	5,4
Aðrir	528	6,9	438	5,1	660	6,9
Samtals	7.680	100	8.515	100	9.611¹	100

¹ Árið 2025 var ein tilkynning skráð á tvo tilkynnendur og því stemmir samanlagður fjöldi hér ekki við heildarfjölda tilkynninga.